

# Almennar reglur um birtingu gagna með fundargerðum í ráðum og nefndum Vestmannaeyjabæjar

## 1. gr. Meginreglan um birtingu gagna

Birta skal öll gögn með opinberum hætti, sem lögð eru fyrir ráð og nefndir sveitarfélagsins, nema undantekningareglur 2. og 3. gr. reglna þessa eða lög hindri slíka birtingu. Ábyrgð um birtingu gagna með fundargerðum er á ábyrgð formanns nefndar/ráðs. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal bæjarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti skv. lögum.

## 2. gr. Gögn sem óheimilt er að birta:

- Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- Bréfaskipti við sérfróða aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt máli skuli höfðað.
- Vinnuskjöl, drög og innri minnisblöð til eigin nota.
- Gögn er tengjast málefnum einstakra starfsmanna.
- Gögn sem þagnarskylda skal gilda um.

Ef réttmætur vafi er á því hvort lög heimili birtingu gagna skulu gögn að jafnaði ekki birt.

## 3. gr. Gögn sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstakar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- Gögn er varðar tillögur eða viðræður við ríkið um fjárhagsmálefni sveitarfélaga.
- Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga.
- Gögn sem málsaðili óskar sérstaklega eftir að verði ekki birt.

## 4. gr. Upplýsingaréttur

Að öðru leyti en hér er kveðið á um fer um upplýsingarétt almennings eftir ákvæðum upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eftir atvikum laga um persónuvernd nr. 77/2000.

*Samþykkt í bæjarráði Vestmannaeyja 13. mars 2024.*